FÉLAG ATVINNUREKENDA

Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2026

Efni: Beiðni um athugun á samkeppnisrekstri Fjársýslu ríkisins og fjárhagslegum aðskilnaði

Félag atvinnurekenda (FA) óskar eftir því að Samkeppniseftirlitið taki til athugunar innkaupa- og útboðsþjónustu Fjársýslu ríkisins fyrir opinbera aðila utan A1- og A2-hluta ríkisaðila, sem veitt er í samkeppni við einkafyrirtæki.

FA hefur ítrekað beint erindum til Fjársýslunnar vegna þessarar starfsemi, meðal annars um lagaheimildir stofnunarinnar til að veita þjónustuna og áhrif hennar á samkeppni. Fjársýslan hefur í svörum sínum talið starfsemina samræmast hlutverki sínu og ekki vera til þess fallna að raska samkeppni. Hins vegar hefur stofnunin ekki lagt fram upplýsingar sem sýna hvernig fjárhagslegum aðskilnaði samkeppnisrekstrarins frá annarri starfsemi hennar er háttað eða hvernig tryggt sé að þjónustan njóti ekki beinna eða óbeinna niðurgreiðslna úr ríkisfjármögnuðum rekstri.

FA hefur nú sent Fjársýslunni nýtt erindi þar sem krafist er fjárhagslegs aðskilnaðar og ítarlegra upplýsinga um umfang þjónustunnar, kostnaðarútreikninga, gjaldtöku og reikningsskil. Erindið fylgir hér með ásamt fyrri bréfaskiptum.

FA telur að hér reyni á sömu grundvallarsjónarmið og Samkeppniseftirlitið hefur nýlega áréttað í málum Veðurstofu Íslands og samkeppnisrekstrar opinberra háskóla. Heimild opinberrar stofnunar til að veita tiltekna þjónustu leysir hana ekki undan þeim kröfum sem gera verður til fjárhagslegs aðskilnaðar þegar þjónustan er veitt í samkeppni við einkaaðila.

FA óskar því eftir því að Samkeppniseftirlitið kanni hvort starfsemi Fjársýslunnar gefi tilefni til fyrirmæla um fjárhagslegan aðskilnað samkvæmt 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og eftir atvikum annarra ráðstafana til að tryggja jafnræði á markaði. Sérstaklega er óskað eftir því að eftirlitið meti hvort fyrirkomulag reikningshalds, kostnaðarheimfærslu og verðlagningar þjónustunnar tryggi að hún njóti ekki fjárhagslegs forskots vegna opinberrar fjármögnunar annarrar starfsemi Fjársýslunnar.

FA óskar eftir upplýsingum um hvort Samkeppniseftirlitið hyggist taka málið til formlegrar athugunar.

Virðingarfyllst,

Ásdís Eir Guðmundsdóttir
Lögfræðingur FA

Fylgiskjöl:
1. Nýtt erindi FA til Fjársýslu ríkisins um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar, 3. nóvember 2026.
2. Erindi FA til Fjársýslunnar, 4. febrúar 2026.
3. Svar Fjársýslunnar, 2. mars 2026.
4. Erindi FA til Veðurstofu Íslands, 11. apríl 2025.
5. Bréf Samkeppniseftirlitsins til Veðurstofunnar, 12. september 2025.
6. Bréf Samkeppniseftirlitsins til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, 28. nóvember 2025.

Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 588 8910
atvinnurekendur@atvinnurekendur.is | www.atvinnurekendur.is
Kt. 530169-5459 | Banki 01515-26-6440